



## **Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um störf og framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 2000**

Á árinu 2000 var 5548 birki (bakkaplöntur) plantað í Hellisskógi mest við Biskupstungnabraut eins og undanfarin ár, en þó var um 150 plöntum plantað við Stekkjarholt. Tvö kvöld voru auglýst til útplönntunar, en þau voru 29. og 30. maí, en þar sem úthlutun plantna var svo rausanarleg var ákveðið að bæta þriðja kvöldinu við þann 5. júní. Um tíu félagsmenn mættu hvert kvöld til plöntunar. Plantað var í einn ha. sem plægður var af starfsmönnum Skógræktar Ríkisins á árinu 1999.

Þessi plöntun var mun léttari heldur en við höfum mátt búa við undanfari ár þar sem við höfum þurft að pæla sinu frá fyrir hverja plöntu. Það er umhugsunaefni hvort ekki sé ástæða til að létta sér vinnuna, en allt kostar þetta peninga.

Eftir plöntun gæddu vinnulúnir félagar sér á meðlæti frá Guðnabakaríi ásamt drykkjum frá Mjólkurbúi Flóamanna, eru þessum fyrirtækjum færðar bestu þakkir fyrir góðan stuðning í gegnum árin.

Hópur unglunga frá Vinnuskóla Árborgar ásamt Ingileifu Auðunsdóttur sáu um plöntun á því sem eftir var á þremur dögum. Ekki vannst tími til að bera á gróður vegna manneklu. En það verður brýnt verkefni á komandi vori. Bæjaryfirvöldum eru færðar kærar þakkir fyrir velvild í garð félagsins á liðnum árum.

Boð kom frá Skógræktarfélagi Íslands um að senda hóp manna að Gaddstaðafötum þann 19. ágúst sl. til að planta **ALDAMÓTASKÓG**. Þar sem aðeins 4. dagar voru til stefnu tókst ekki að safna fólki í þetta verkefni, en tveir félagar úr Skógræktarfélagi Selfoss mættu í blíðskaparveðri og plöntuðu 8,700 plönntum sem voru aspir, birki og greni ásamt félögum úr öðrum deildum Skf. Árnessynga.

Þann 14. október sl. kom um 60 manna ráðstefnuhópur á vegum Evrópusambandsins í heimsókn á Selfoss. Þessi hópur hafði fundað í nokkra daga í Reykjavík um “ **borgarskógrækt** “ og var nú í fræðsluferð um Suðurland. Skógræktarfélag Selfoss var falið að taka á móti hópnum fyrir hönd bæjaryfirvalda og í því tilefni fræddi Úlfur Óskarsson hópinn um trjárækt á svæðinu. Farin var skoðunarferð um Selfoss og Hellisskóg. Þar var áð og skógræktin skoðuð. Okkar starf vekur athygli víðar en í okkar nánasta umhverfi.

Á árinu var hafinn undirbúningur að deiliskipulagsvinnu fyrir Hellisskóg. Stjórn félagsins ákvað að leyta til Landforms á Selfossi um að framkvæma þessa vinnu. Við sjáum hér í kvöld hugmyndir þeirra félaga Odds Hermannssonar og Hermanns Ólafssonar.

Fráfarandi stjórn hefur áhuga á að bæta við bekkjum og fá borð á svæðið eins hefur komið fram áhugi á að byrja í vor á að merkja gróður og heiti plantna.

Upplýsingaskilti sem sett var við rimlahlið við aðalinnkomu svæðisins var málað af fyrrverandi formanni félagsins Björgvin Eggertssyni en hann hætti um mitt sumar, eru honum þökkuð störf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss.  
Ingileif Auðunsdóttir